

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Ægissvæði



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Fundargerð 4.svæðisráðsfundar í Ægissvæði starfsárið 2010-2011 hjá Eldborg Hafnarfirði.

Haldinn þann 17.september 2011

Fundur settur. Svæðisstjóri Hildisif Björgvinsdóttir setti fundinn 09:05, bauð félaga velkoma. Bað fundarmenn að rísa úr sætum og minnst látinsfélaga Alfreðs Styrkárssonar með einnar mínútu þögn.

Mæting. Samkvæmt mætingarbók voru 35 félagar mættir til ráðstefnunnar sem skiptist þannig. Eldborg 7 félagar, Eldey 6 félagar, Hof 3 félagar, Hraunborg 4 félagar, Keilir 4 félagar, Setberg 2 félagar, Sólborg 7 félagar og Varða 1 félagi og Dyngja 1 félagi.

Ritari veit að þetta er ekki endanleg tala þar sem ritari sá féлага í salnum en voru ekki skráðir í mætingabókina, þó svo að Svæðisstjóri af minnt fundarmann á að skrifa í bókina.

Orð dagsins átti Ingvar Snæbjörnsson forseti Eldborgar.

Fundargerð síðasta fundar lá frammi, var borin upp, engar athugasemdir voru gerðar var hún því samþykkt.

Morgunverðarhlé.

Skýrslur klúbba. Eftirfarandi kynntu skýrslur klúbba.

Eldborg: Ingvar Snæbjörnsson.

Eldey: Guðlaugur Kristjánsson.

Hof: Sveinbjörn Reynisson

Hraunbor: Sigurður P. Sigurðsson.

Keilir: Viðar Örn Victorsson.

Setberg: Aage Petersen í fráföllum forseta.

Sólborg; P. Ragna Pétursdóttir

Varða: Jóhanna M. Einarsdóttir.

Skýrslu svæðisstjóra Hildisif Björgvinsdóttir.

Umræður um skýrslur.

Skýrslur forsetanna og svæðisstjóra voru góða að venju. Mis mikið er að gera hjá klúbbunum yfir sumarmánuðina. Aage var ekki sáttur við sinn forseta þar sem hann hafði einungis sent honum B-skýrslu til að tala út frá. Annars voru það þessir sem tóku til Máls.Guðlaugur úr Eldey, Jóhanna úr Vörðu, Ragna úr Sólborg, Ingvar úr Eldborg og Ragnar Örn úr Keili. Aðal umræðan var hvað átti að koma fram á mánaðarskýrslu varðandi sölu og vinnu á K-lykli. Virtist sem forsetar hafi verið að fá misvísandi upplýsingar. En það var Ragnar Örn sem sagði fundarmönnum að eina sem ætti að koma fram væru vinnustundir.

Viðurkenningar.

Áður en að Hildisif tilkynnti hvaða forseti og ritari hefðu hlotið útnefningu sem fyrirmyndar forseti og ritari þetta starfsárið, kallaði hún til sín, Tryggva Jónsson félaga í Eldborg, þar sem hún afhenti honum 1. Svæðisstjóra keðjuna sem nú var komin í ramma en það voru þau heiðurshjón Tryggvi og Þorbjörg Ólafsdóttir sem gáfu hana á sínum tíma og fannst það tilvalið að hún væri varðveitt í húsi Eldborgar. Þá var komið að viðurkenningum. Svæðisstjóri sagði að úr vöndu hafi verið að ráða þar sem allir klúbbar væru að standa sig vel í þessu svæði en úr var Fyrirmynda ritari kom úr röðum Setbergs Þorleifur Markússon og Fyrirmynda forseti kom úr Eldey Gunnlaugur Kristjánsson. Óskum við þeim félögum innilega til hamingju.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Ægissvæði



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Stjórnarskipti.

Svæðisstjóri hafði fengið Gylfa Ingvarsson um að sjá um þau og afhenti honum fundinn. Kallaði Gylfi fram fráfarandi stjórn þakkaði henni fyrir vel unnin störf. Ný stjórn svæðisins var því næst kölluð upp en hún er svo skipuð.

Svæðisstjóri Bergþór Ingibergsson Eldborg

Kjörsvæðisstjóri Konráð Konráðsson Eldey

Ritari Hafsteinn Guðmundsson Eldborg

Meðstjórnandi Sigurður P. Sigurðsson Hraunborg

Fráfarandi svæðisstjóri Hildisif Björgvinsdóttir.

Var nýju stjórninni fagnað með lófataki.

Bergþór kom því næst í pontu fór yfir sín markmið í starfinu, sem eru Vinátta, samvera, árangur.

Önnur mál.

Ragnar Örn minnti fundarmenn á að taka með sér fána til þings. Sagði að Femínistar hefðu ekki verið kátir með litaskiptinu á hjálmunum og að við verðum að vera meira áberandi við hjálmaafendinguna hjá Eimskipum. Sagði frá þeirri vinnu sem fram færi á þinginu eins og stefnumótun og fræðslu á föstudegi. Ekki verði einblínt á fjölgun heldur láta vita að það er gaman að vera saman í Kiwanis. Tækifærin í fjölgun í hreyfingunni væru konur.

Guðlaugur rúkaði Setbergs menn um bjórinn sem þeir töpuðu í sölu K-lykils. Hafa þeir tekið inn 12 nýja félagar á starfsárinu og fleiri standa á hliðarlínunni. Ingvar kom inn á rútuferð austur á Höfn. Arnar fráfarandi svæðisstjóri sagði hversu gaman er að sjá hvernig félagar og klúbbar hafa dafnaði í starfinu á þeim tíma sem hann hefur verið í svæðisráðinu. Minnti félagar á Lundaköld þeirra Keilismanna sem halda á þann 30.september. Gylfi þakkaði félögum fyrir vel unnin störf í K-lykla verkefninu um 30milljónir hafi safnast og 22milljónir fari í styrki mikil vinna hefur farið í viðræður við ríkið verga VSK. Útkoman góð og landsmenn jákvæðir. Sagði að það væri skömm fyrir hreyfinguna að ekki hafi verið nein umræða um hjálmaverkefnið í Kiwanisblaðinu sem nú er einungis þingblað hefði mátt vera mynd af hjálmi þó ekki væri meira. Ragna úr Sólborg vill fá skýrari reglur varðandi græðlingsklúbba, Svæðisstjóri skaut á þá félagar í Keilir um að í annan tíma tölu þeir um að það ætti að vera gaman saman en svo væru konur ekki velkomnar á Lundakvöldið þeirra.

Lokaorð.

Bergþór nýr svæðisstjóri Ægissvæðis benti klúbbum að að senda sér upplýsingar um fráfarandi og viðtakandi stjórnir í tíma. Vill að klúbbar verði með öll merki klár

Þakkaði góðan fund

Fundarslit kl. 11:17.

Dröfn Sveinsdóttir Ritari Ægissvæðis

Hildisif Björgvinsdóttir Svæðisstjóri Ægissvæðis

